

Sb.

171. Tillaga til þingsályktunar

[106. mál]

um fækkun og stækkun sveitarfélaga.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera tillögur um nýja skiptingu landsins í sveitarfélög. Skulu þær miðast við að stækka sveitarfélög í dreifbýli með því að sameina hina fámennari hreppa eftir því, sem staðhættir leyfa.

Greinargerð.

Margt bendir til þess, að hrepparnir í dreifbýli landsins séu ekki lengur heppilegar einingar til sveitarstjórnar. Til þess eru þeir almennt of litlir og of fámennir. Flest þau verkefni, sem annast þarf í dreifbýli landsins, krefjast viðtækara samstarfs heldur en rúmast getur innan hinna gömlu hreppamarka. Sveitarfélög í landinu eru nú auk kaupstaðanna talin vera 215. Læknishéruð eru hins vegar innan við sextíu. Skólahéruð eru mun færri en hrepparnir, og er þó unnið að sameiningu þeirra víða um land. Hún er talin nauðsynleg vegna þess, að víðast hvar er hagkvæmt, að fleiri en eitt sveitarfélag standi að byggingu heimavistarbarnaskóla, sem oft er þá hægt að staðsetja á jarðhitasvæði. Þetta verkefni kallar á stærri heildir en eitt hreppsfélag. Með hinni stórfelldu eflingu almannatrygginganna á seinustu árum gegnir samfélagið í heild nú orðið verulegum hluta af framfærsluskyldunni, sem var frumverkefni hreppsfélaganna. Í nýjum vegalögum eru hreppavegir lagðir niður. Nefna mætti fleiri dæmi, svo sem samræmdar útsvarsreglur um land allt, sem öll hniga í sömu átt. Þannig þyrftu sjúkrasamlögin að verða stærri til þess að vera betur fær um að gegna hlutverki sínu, ef til koma fjárhagsleg skakkaföll. Margháttuð menningarmál, svo sem bygging félagsheimilis, mundu verða auðveldari úrlausnar, ef sveitarfélögin stækkuðu. Sjálf framkvæmdarstjórnin yrði þá öflugri, þar sem aukinn íbúafjöldi og fleiri verkefni gerðu kleift að ráða sérstakan sveitarstjóra til að annast hana. Með samgöngum og símatækni nútímans ættu landfræðilegar tálmanir síður en áður að vera til fyrirstöðu stærri sveitarfélögum.

Þróun undangenginna áratuga hefur verið sú, að sveitarfélögin hafa orðið fámennari, bæði með skiptingu þeirra og eins með tilflutningi fólks í landinu. Ýmis þeirra eru orðin svo fámenn, að tæpast er unnt að tala um sjálfstæða sveitarstjórn, og dæmi eru þess, að hreppsfélög hafi orðið algerlega mannlaus, þótt eðlilegra væri í slíkum tilvikum, að fámennur hreppur hafi sameinast öðrum nærliggjandi hreppi, áður en til slíks kemur. Í nágrannalöndum okkar, Danmörku, Noregi og Svíþjóð, hefur þróunin orðið allt önnur. Þar er skipulega unnið að sameiningu sveitarfélaga í hæfilega stór umdæmi.

Með þessari tillögu er gert ráð fyrir, að þróuninni hér á landi sé snúið við, félagsmálaráðuneytið láti fram fara athugun á því, hvort ekki sé tímabært að leggja grundvöll að breyttum mörkum sveitarfélaga umfram það, sem heimilt er í lögum varðandi allra fámennustu hreppana. Um þetta verkefni yrði að sjálfsögðu haft náið samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga svo og sýslunefndir og sveitarstjórnir.

Sveitarstjórnin er svo mikilvægur hlekkur í lýðræðisþjóðfélaginu, hún á svo mikilsverðu hlutverki að gegna í samfélagsbyggingunni í landi okkar, að nauðsyn ber til að efla hana sem allra mest. Lifræn héraðsstjórn þekkir vel þarfir þegnanna og er hinn æskilegi tengiliður milli þeirra og landsstjórnarinnar, sem ekki má bresta og verður því að vera í fullu samræmi við kröfur hvers tíma til að geta gegnt hlutverki sínu sem best.